

1959

6

4
20. jan.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

4. gr.

Gjört í Reykjavík, 20. janúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

5
5. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Fé því, sem aflað er samkvæmt lögum þessum, skal varið til þess að reisa og endurbæta stofnanir fyrir vangefið fólk.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. febrúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

6
17. febr.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 70 30. júní 1958, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðherra að veita íslenzkum skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá banni þessu til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu. Áður en undanþága er veitt, skal leitað um hana álits Fiskifélags Íslands.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsg. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiski- 6
félags Íslands, að veita leyfi til sildveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal 17. febr.
bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til sildveiða. Auk
þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg,
þar á meðal að allur aflí annar en sild sé upptækur til rikissjóðs.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi, og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

3. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, sem verður 3. gr., svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt samkvæmt tillögum fiskideildar atvinnudeildar háskólans og að fengnum meðmælum Fiskifélags Íslands að veita fiskirannsóknarskipum og vísindamönnum leyfi til að nota botnvörpu eða flotvörpu í rannsóknarskyni innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi samkvæmt þessari grein skal ávallt tímabundið.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 82 8. des. 1952, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um hann gegn botnvörpuveiðum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 17. febrúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124
22. des. 1947, um dýralækna.

7

17. febr.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Á Íslandi skulu vera dýralæknisumdæmi, sem hér segir:

1. *Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi:* Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. *Borgarfjarðarumdæmi:* Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla að Skógarstrandarhreppi.
3. *Daluumdæmi:* Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnessýslu, Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi.
4. *Barðastrandarumdæmi:* Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.